

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó eigi umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. kemur ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

3. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins, dags. 13. desember 1993.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 22

2. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo: